



## Stjórnarfundur Félags prófessora við ríkisháskóla

12. fundur stjórnar 2025-2026 miðvikudaginn 15. apríl 2026

kl. 12.00 - 14.00 á Sögu, herbergi 624

Mætt: Sigrún Ólafsdóttir formaður, Kári Kristinsson, Rannveig Björk Þorkelsdóttir og Zophonías Oddur Jónsson.

Á Teams: Eyja Margrét Jóhönnu Brynjarsdóttir, Hermína Gunnþórsdóttir og Þróstur Olaf Sigurjónsson

Starfsfólk: Lilja Þorgeirsdóttir og Sigurbjörg Erla Egilsdóttir.

### Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum:

1. Fundargerð 11. stjórnarfundar frá 18. mars 2026 lögð fram til afgreiðslu. (Fskj. 1)
2. Aðalfundur FPR.
3. Sameining félaga.
4. Ársfundur Styrktarsjóðs BHM 22. apríl 2026.
5. Aðalfundur BHM.
6. Næsti fundur.
7. Önnur mál.

Sigrún Ólafsdóttir, formaður Félags prófessora við ríkisháskóla (FPR), setti fundinn kl. 12:05.

### 1. Fundargerð 11. stjórnarfundar frá 18. mars 2026 lögð fram til afgreiðslu (Fskj. 1)

Fundargerðin var samþykkt með breytingum sem voru lagðar til.

### 2. Aðalfundur FPR.

Búið er að staðfesta fundarstjóra fyrir aðalfundinn. Skýrsla stjórnar er í vinnslu og langt komin. Stjórn mun taka fyrir tillögur og ályktanir fyrir aðalfund á næsta stjórnarfundum.

### 3. Sameining félaga.

Fundur með fulltrúum stjórnar FH og FHA er fyrirhugaður næstkomandi mánudag.

Á þeim fundi verða niðurstöður skoðanakönnunar ræddar og næstu skref ákveðin.

### 4. Ársfundur Styrktarsjóðs BHM 22. apríl 2026.

Samkvæmt skipulagsskrá sjóðsins má félagið tilnefna einn fulltrúa á fundinn. Félagið tilnefnir Sigrúnu Ólafsdóttur sem sinn fulltrúa.

### 5. Aðalfundur BHM.

Aðalfundur BHM verður haldinn 21. maí kl. 9–16. Félagið hefur heimild til að senda fjóra fulltrúa á fundinn. Sigurbjörg, Kári, Rannveig og Zophonías munu fara fyrir hönd FPR.

Framboðsfrestur í laus embætti hjá BHM er til 23. apríl.

### 6. Næsti fundur.

Næsti stjórnarfundur verður haldinn miðvikudaginn 29. apríl kl. 12.00–14.00 í Borgartúni 27 og á Teams. Til stendur að endurskoðandi komi á þann fund til að fjalla um ársreikninginn.

## 7. Önnur mál.

Rætt var um svarbréf stjórnar við erindi nokkurra prófessora varðandi reglur Ritlauna- og rannsóknasjóðs prófessora sem tekið var fyrir á síðasta fundi. Sigrún mun hreinskrifa drög að svarbréfi og óska eftir álitum lögfræðings um álitaeftir varðandi reglurnar.

Einnig var rætt um vinnufund stjórnar sem áætlað er að haldinn verði í júní, í framhaldi af vinnufundi stjórnar sem haldinn var í byrjun mars síðastliðinn. Dagsetning og dagskrá verða tilkynnt síðar.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl: 13:37.

Fundarritari: Sigurbjörg Erla Egilsdóttir.